

**Stofnanasamningur
milli
Eflingar - stéttarfélags
og
Menntaskólans við Hamrahlíð
um forsendur röðunar starfa við skólann**

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS, hins vegar, dags. 7. apríl 2004, ásamt síðari breytingum.

1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS/Eflingar, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS/Eflingar hins vegar, dags. 7. apríl 2004. Um önnur atriði en fram eru tekin í samningi þessum, skulu gilda ákvæði aðalkjarasamnings eftir því við á.

2 Forsendur röðunar

Við ákvörðun um röðun starfa til launa skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar og álags og hvaða kröfur starfið gerir til faglegrar/fræðilegrar hæfni/færni starfsmanns. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaflokka er á grundvelli:

1. Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum, sbr. lið 3 í þessu samkomulagi um þætti er ráða grunnröðun starfa og lið 4 í þessu samkomulagi um persónubundna þætti.
2. Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Gæta skal samræmis innan hvors framhaldsskóla þegar störfum er raðað til launa. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis innan hvors framhaldsskóla.

Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum viðkomandi framhaldsskóla. Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum starfsmanna.

3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

Grunnröðun

| | |
|----------------------------------|---------|
| Almenn ræsting..... | Lfl. 7 |
| Verkefnastjóri í ræstingum | Lfl. 10 |
| Ræstingastjóri | Lfl. 19 |

Við nánari ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. kafli hér að framan um forsendur röðunar.

Vegna breytinga á starfsemi skólans geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega.

SDB. 
L473

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

4 Annað sem áhrif hefur á einstaklingsröðun

| | |
|--|----------|
| Menntun umfram grunnkröfur starfs allt að | 2 |
| Starfsmaður sem sótt hefur 50 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi | 1 |
| Frekara nám sem lokið er í samráði við skólann og nýtist í starfi..... | 1 |
| Starfsreynsla | 3 |
| Starfsmaður sem öðlast hefur eins árs starfsreynslu við sambærileg störf..... | 1 |
| Starfsmaður sem öðlast hefur 3ja ára starfsreynslu við sambærileg störf..... | 1 |
| Starfsmaður sem öðlast hefur 6 ára starfsreynslu í viðkomandi skóla | 1 |
| Frammistaða allt að | 3 |
| Heimilt er að meta til viðbótar persónulega hæfni/þætti sem varðar einstakan starfsmann svo sem samstarfshæfni, getu til að vinna flókin eða vandasöm verkefni eða aðra hæfni umfram það sem almennt gerist. | |

Samstarfsnefnd setur nánari reglur um mat á viðbótarmenntun og skilyrði fyrir launahækkunum vegna viðbótarmenntunar.

5 Réttur til endurmats á röðun starfs

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11 kafla kjarasamnings aðila.

6 Álagsgreiðslur

Þegar fastur vinnutími fellur að hluta eða öllu leyti á tímabilið frá kl. 17.00 – 24.00 mánudaga – föstudaga skal greiða þá vinnu með álagi samkvæmt grein 1.5.1 í kjarasamningi SGS/Eflingar og fjármálaráðherra.

7 Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SGS/Eflingar og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

8 Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. júlí 2016.

Reykjavík 16. júní 2016

f.h. Menntaskólans við Hamrahlíð

f.h. Eflingar - stéttarfélags

Lárus S. Bjarnason
Sólrún Jóna Þórunnarsdóttir

